

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 2011

HFG. ehf.

(Eiríkur Gunnsteinsson hdl.)

gegn

Skúla Magnússyni

(Þormóður Skorri Steingrímsson hdl.)

Mál þetta, sem fyrst var tekið til dóms 21. september sl., er höfðað með birtingu stefnu 12. október 2009. Málinu var vísað frá dómi með úrskurði upp kveðnum 19. október 2010, en með dómi Hæstaréttar 2. desember 2010 var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir dóminn að taka málið til efnismeðferðar. Málið var endurupptekið og dómtekið á ný 25. mars sl. að lokinni aðalmeðferð málsins.

Stefnandi er HFG ehf., Flatahrauni 29, Hafnarfirði.

Stefndi er Skúli Magnússon, Lækjarási 2, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.394.400 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.394.000 krónum frá 1. júlí 2009 til greiðsludags.

Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun 27. júlí 2009, að fjárhæð 300.000 krónur, sem dregst frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/2001 er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfum að mati dómsins.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt málskostnaðaryfirliti.

Málsatvik

Stefnandi er byggingaverktaki sem tekur að sér ýmis verkefni fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Reikningur sá sem lagður er fram, er vegna vinnu í þágu stefnda sem unnin var í júlí 2009 við Stigahlíð 70, Reykjavík. Inn á reikninginn hafa verið greiddar 300.000 krónur. Á greiðslukvittun frá 27. júlí 2009 kemur fram að stefndi, Skúli Magnússon, hafi „greitt undirrituðum v/þakviðgerða (efni + vinna) að Stigahlíð 70, R þrjú hundruð þúsund, sem hér með kvittast fyrir“. Undir greiðslukvittun þessa er undirritað „Gylfi“. Á greiðslukvittun kemur og fram að heildarverð efnis og vinnu sé 1.000.000 króna.

Í ódagsettu bréfi, sem undirritað er af Gylfa Sveinssyni f.h. HFG ehf., kemur fram að umsamið verð hafi verið 1.120.000 krónur auk virðisaukaskatts að fjárhæð 274.000 krónur, samtals 1.394.000 krónur. Í bréfinu segir að fyrir vangá hafi verið kvittað á innborgunarkvittun 1.000.000 króna, auk 245.000 króna virðisaukaskatts og leiðrétti Gylfi það verð til samræmis við innborgunarkvittun og kveður því kröfu sína nema 1.245.000 krónum að höfuðstól.

Í reikningi stefnanda, dagsettum í júlí 2009 á hendur stefnda, er krafist greiðslu að fjárhæð 1.120.000 krónur auk virðisaukaskatts að fjárhæð 274.000 krónur að frádreginni innborgun 27. júlí 2007 að fjárhæð 300.000 krónur.

Af hálfu stefnda hefur verið fallið frá þeirri málsástæðu að sýkna beri vegna aðildarskorts, en ágreiningur aðila snýst um hvort verkið hafi verið haldið svo miklum galla að stefnandi hafi átt rétt á að halda eftir greiðslu.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð hlutafélagaskrár frá 2. nóvember 2010 þar sem fram kemur að Gylfi Sveinsson sé stjórnarmaður í félaginu HFG ehf. Prókuruumboð er hjá stjórnarmanni, en auk stjórnarmanns er tilgreindur í stjórn félagsins Hallgrímur Axelsson, sem varamaður.

Stefndi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanns til að leggja mat á meinta galla á verki stefnanda. Var Auðun Elisson byggingafræðingur og húsasmíðameistari dómkvaddur.

Í matsgerð hans frá 7. apríl 2010 er eftirfarandi matsspurningum svarað:

1. Er verk það sem matsþoli vann fyrir matsbeiðanda haldið galla.
2. Ef verkið er haldið galla, má ætla að yfirfallið sem matsþoli bjó til muni hafa undan því vatni sem kann að safnast á svalirnar ef niðurfall stíflast.
3. Ef svarið við matsspurningu 2 er neikvætt, spyr matsbeiðandi hvort vatnsverndardúkurinn nái nægjanlega hátt upp á veggi/veggkanta, þannig að vatn komist upp fyrir vatnsverndardúkin áður en það fellur fram af vatnsþröskuldinum (hinu upphaflega yfirfalli).
4. Þá beinir matsbeiðandi þeirri spurningu til matsmanns hvort það sé galli á verkinu að fjarlægja vatnshitalögn sem þarna var og sjá má á matsskjali 1.
5. Sé svar matsmanns við matsspurningu 4 jákvætt, spyr matsbeiðandi hvað það muni kosta að koma slíkri vatnshitalögn fyrir á nýjan leik, og hvort sá dúkur sem

nú er undir hellunum muni skemmast við að fjarlægðar verði hellur og sett niður hitalögn.

6. Hver er áætlaður kostnaður við að láta lagfæra gallann/ana.

Þeir sem boðaðir voru til matsfundar voru lögmaður stefnda, sem og stefndi sjálfur, Gylfi Sveinsson vegna stefnanda, Hallgrímur Axelsson og lögmaður stefnanda.

Undir matslið 1 segir eftirfarandi í matsgerð:

Samkvæmt frásögn matsbeiðanda var dúkur á steyptri plötu, þar yfir var sandlag með hitalögn í og þar yfir hellur 20x40x5 cm. Þegar farið var í framkvæmd við að skipta um dúk hafði hitalögn verið aftengd, hellur rifnar upp og sandlag og hitalögn fjarlægð. Síðan hafði verið settur nýr dúkur á þakið og þar ofan á fildúkur, hellur síðan lagðar á fildúk án sandlags og hitalagnar.

Samkvæmt teikningum Hönnunar hf. dags. 18.05.1987 er hitalögn á þakplötum/svölum beggja vegna húss. Ekki kemur fram á framangreindri teikningu eða öðrum teikningum frá Hönnun hf. er varðar hitalagnir að hér sé um annað að ræða en snjóbræðslulögn á steiptum þakflötum. Eins og fram kemur í bókun matsfundar er um að ræða Protan SE dúk en hann er framleiddur í Noregi og umboðsaðili hans á Íslandi er BM Vallá. Dúkur hefur verið lagður á steipta plötu og er lagður laus þannig að engar festingar eru við plötu. Dúkur er þó festur með áfellum þar sem hann nær yfir steiptan kant og upp að steiptum vegg á utanverðum þakfleti. Þar sem dúkur kemur upp að léttum útveggjum á innanverðum þakfleti liggur dúkur laus að veggjunum, en tvöföld blikkáfella er þar yfir.

Matsmaður gat ekki greint hvort að skemmdir væru á dúk þar sem taka hafði þurft allar hellur af þakfletinum. Ef skoðað er hversu langt dúkur nær upp á vegg þá er steiptur kantur að utanverðum þakfleti 280 mm yfir steyptri plötu. Dúkurinn liggur upp á kant og út fyrir hann. Aftur á móti er hæð upp á kant þar sem yfirfallsrenna er 160 mm. Þar nær dúkur einnig út fyrir steiptan kant. Dúkur nær 220-240 mm upp á léttu útveggi á innanverðum þakfleti. Þar sem dúkur kemur upp að þaki nær hann 170 mm upp frá steyptri plötu. Þegar dúkur var lagður var borað 22 mm gat í steiptan kant á utanverðum þakkanti þar sem gert er ráð fyrir yfirfalli. Gat er staðsett 70 mm yfir plötu. Samkvæmt Gylfa Sveinssyni er þetta regla við slíka framkvæmd til öryggis ef niðurfall stíflast. Samkvæmt ofangreindu er ljóst að ekki hafði verið farið eftir samþykktum teikningum þegar hitalögn var fjarlægð af þakfleti og ekki hafði verið sett upp aftur að lokinni dúkalögn. Það að ekki sé til staðar snjóbræðslulögn á þakfletinum er hætt á að komi til krapamyndunar á vetrartíma og er þá um leið ekki nægileg þétting í og við léttan útvegg á innanverðum þakfletinum. Hætta er á að leki komi fram bæði við léttu útveggi og þar sem þak kemur að þakfletinum. Þar sem þak kemur að þakfleti er hæð á dúk frá steyptri plötu 170 mm en við útrás 160 mm. Þessi litli hæðarmunur getur haft þau áhrif að vatn leki inn með dúk ef þakflötur fyllist af vatni. Það að bora 22 mm gat sem öryggisaffall er að öllu leyti ófullnægjandi. Fyrir það fyrsta annar það gat ekki vatnssöfnun á þakinu og einnig eru allar líkur á að gatið stíflist með laufblöðum eða öðru lauslegu á þakinu. Samkvæmt ofangreindu er það mat matsmanns að ekki sé gengið frá þakfleti með fullnægjandi og faglegum hætti.

Niðurstaða 2. matsliðar var sú að yfirfall það sem matsþoli hafi gert með því að bora 22 mm gat á steiptan kant sé að öllu leyti ófullnægjandi. Miklar líkur séu á því að yfirfallið stíflist þegar lauslegt efni fari á flot við vatnssöfnun á þakfletinum.

Niðurstaða 3. matsliðar var sú að hætta væri á, við vissar aðstæður, sérstaklega þar sem hitalögn væri ekki til staðar, að það læki með þakdúk þar sem hann kæmi að léttum útveggjum og þar sem þak kæmi að þakfleti. Að öðru leyti taldi matsmaður dúk ná nægilega hátt upp á vegg, enda væri yfirfall 160 mm frá steyptri plötu.

Niðurstaða 4. matsliðar var sú að þar sem um væri að ræða flatt þak, þar sem þakflötur væri markaður annaðhvort með steiptum kanti eða léttum útveggjum, væri mjög varhugavert að hafa ekki snjóbræðslulögn á þakfletinum. Einnig væri það andstætt fyrirliggjandi teikningum að hitalögn væri ekki til staðar.

Sem svar við matslið 5 tilgreindi matsmaður kostnað við að setja upp hitalögn/snjóbræðslu á þakfleti í samræmi við samþykka teikningu undir lið „Kostnaðarmat“ í lokakafla matsgerðar. Taldi matsmaður ekki miklar líkur á að dúkur skemmdist við að hellur á þakfleti væru teknar upp, ef varlega væri farið. Ef notuð væri sama aðferð við hitalögn og hellulögn og verið hafi fyrir, ætti dúkur ekki að skemmast.

Kostnað við að taka upp hellur, setja og tengja snjóbræðslulögn á þaksvölum, undirbúning fyrir hellulögn, sem og hellulögn kvað matsmaður vera samtals 537.500 krónur.

Gylfi Sveinsson kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Hann kvað aðkomu sína að málinu vera þá að hann hefði verið beðinn um að skoða umrætt verk sumarið 2009. Hann hafi gefið ákveðið verð í verkið upp á 1.120.000 krónur auk virðisaukaskatts. Hann kvaðst vera stjórnarmaður í HFG ehf. og hafa fullar heimildir til að koma fram fyrir hönd félagsins. Hann var inntur eftir því hvort hann hefði samið við stefnda fyrir hönd einkahlutafélagsins HFG. Svaraði hann því á eftirfarandi hátt: „Það var ekki sérstaklega nefnt að ég væri að gera það.“ Þá bar hann að samið hefði verið um að stefndi greiddi 400.000 krónur inn á verkið fljótlega eftir að verk hæfist. Stefndi hafi greitt inn á verkið 300.000 krónur og hafi stefndi skrifað á innborgunarkvittun að hann hefði „greitt undirrituðum v/þakviðgerða (efni + vinna) að Stigahlíð 70, R þrjú hundruð þúsund, sem hér með kvittast fyrir“. Á greiðslukvittun komi og fram að heildarverð efnis og vinnu sé 1.000.000 króna. Kvaðst Gylfi hafa skrifað undir þessa innborgunarkvittun fyrir vangá, þar sem hann hafi ekki verið með gleraugu er hann ritaði nafn sitt undir kvittunina. Hafi því stefndi tekið sér sjálfðæmi í því að ákveða verð fyrir verkið. Kvað Gylfi að umsamið verð hafi engu að síður verið 1.120.000 krónur auk virðisaukaskatts. Hann kvaðst m.a. hafa fjarlægt hitalögn undir hellum, enda kvað hann hitalögn á stað sem þessum einungis vera til skaða og til þess fallna að stytta endingartíma dúks, sem lagður var á svalirnar. Kvað hann enga athugasemd hafa verið gerða af hálfu stefnda við verkið að því loknu.

Stefndi, Skúli Magnússon kom einnig fyrir dóm. Hann kvað umsamið verð fyrir verkið hafa átt að vera 1.000.000 króna. Þá kvað hann að samið hefði verið um að skipt yrði um dúk, endurnýjuð yrði hitalögn og hellulagt yrði yfir. Hann kvaðst ekki hafa áttað sig á því að hitalögnin hefði ekki verið endurnýjuð, fyrr en eftir að verki var lokið. Þá kvað stefndi mögulegt að hann hefði skrifað þá innborgunarkvittun

sem liggur frammi í málinu. Fyrir dóminn komu einnig Karl Jóhann Samúelsson, Auðun Elísson, dómkvaddur matsmaður, sem staðfesti matsgerð sína og Hallgrímur Axelsson.

Dómari gekk á vettvang ásamt aðilum og lögmönnum þeirra fyrir upphaf aðalmeðferðar málsins 25. mars sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst vera byggingaverktaki sem taki að sér ýmis verkefni fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Reikningur sá sem liggja frammi í málinu, að fjárhæð 1.394.000 krónur, sé vegna vinnu stefnanda til handa stefnda í júlí 2009 við Stigahlíð 70, Reykjavík. Inn á skuldina hafi greiðst 300.000 krónur 27. júlí 2009, sem dragist frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardeg. Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en reglan fái m.a. lagastoð í 45., 47. og 54. gr. laga nr. 50/2000 og lögum nr. 42/2000.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að verkið sé haldið verulegum galla, sbr. 1. og 4. til 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um þjónustukaup, þannig að honum hafi verið heimilt að halda eigin greiðslu, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um þjónustukaup, nr. 42/2000, sbr. einnig 4. og 5. gr. sömu laga.

Hvað varði fullyrðingar stefnanda í bréfi dags. 7. september 2009 er stílað hafi verið á Gjaldheimtuna, um að ákveðnir veggir væru lekastaðir, byggir stefndi á að þar sem stefnanda hafi verið þetta ljóst, hefði hann átt að láta stefnda vita af þessu á þeim tíma er verkið var unnið. Í umræddu bréfi viðurkenni stefnandi að veggkantar séu hugsanlega lekir, og laga þyrfti frágang á þaki, og mála timburveggi er liggja að svölum á tvo vegu.

Þá er því mótmælt að heildarverð fyrir efni og vinnu hafi átt að vera 1.120.000 krónur auk virðisaukaskatts, kr. 274.400 krónur, samtals 1.394.000 krónur. Byggir stefndi á því að stefnandi hafi hækkað reikning sinn, eftir að stefndi greiddi inn á verkið, 300.000 krónur, svo sem sjá megi af greiðslukvittun..

Stefndi kveður að heildarverð hafi átt að vera 1.000.000 króna og að inni í þeirri fjárhæð séu öll opinber gjöld, sbr. 32. gr. laga um þjónustukaup. Stefndi kveður að reikningur sá sem stefnandi hafi lagt fram hafi verið gefinn út eftir að greitt hafi verið inn á kröfuna 27. júlí 2009, þar sem innborgunar hafi verið getið á umræddum reikningi.

Stefnandi hafi því aldrei beint rétttri kröfu að stefnda og því sé hafnað að krafan geti borið dráttarvexti, sbr. 3. mgr. 5. gr. og 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 þar sem reikningur sé ekki dagsettur og hljóði auk þess upp á umtalsvert hærri fjárhæð en ákveðið hafi verið í upphafi. Ósannað sé af hendi stefnanda, hvaða dag reikningur sé gefinn út, og gæti það allt eins verið síðasti dagur júlímánaðar

2009. Því geti stefnandi ekki byggt á því, eins og gert sé í stefnu, að gjalddagi sé 1. júlí 2009, en þá hafi stefndi fengið senda innheimtuviðvörðun frá Gjaldheimtunni, en þar sé útgáfudagur reiknings sagður 1. ágúst 2009 og þá nefndur víxill. Séu kröfur stefnanda því um margt misvísandi um efni og tilurð kröfunnar, sem og um fjárhæð.

Niðurstaða

Mál þetta er höfðað til heimtu skuldar vegna viðgerðar á svölum húseignar stefnda að Stigahlíð 70. Af hálfu stefnda hefur verið fallið frá þeirri málsástæðu að sýkna beri vegna aðildarskorts.

Meginágreiningur málsins stendur um verð fyrir verkið, efni sammings aðila, þ.e. hvaða verkþætti skyldi vinna, og hvort verkið sé haldið galla.

Eins og rakið hefur verið, liggur fyrir í málinu innborgunarkvittun. Á kvittun þessari kemur fram að Skúli Magnússon, stefndi, hafi greitt vegna þakviðgerða (efni og vinnu) að Stigahlíð 70, Reykjavík, 300.000 krónur, en heildarverð, efni og vinna sé 1.000.000 króna. Undir kvittun þessa ritar Gylfi Sveinsson, fyrirsvarsmaður stefnanda. Stefndi var fyrir dómi spurður hvort hann hefði sjálfur skrifað þessa kvittun og kvað hann það mögulegt, en fram kom hjá Gylfa Sveinssyni að hann, þ.e. Gylfi, hefði ekki skrifað hana. Þá bar stefndi fyrir dómi að umsamið verð fyrir verkið hafi verið 1.000.000 króna, en Gylfi kvað það hafa verið 1.120.000 krónur auk virðisaukaskatts. Jafnvel þótt fram hafi komið hjá Gylfa fyrir dómi, að hann hefði ritað undir kvittun þessa af vangá, er umrædd kvittun eina skjalið í málinu, sem báðir aðilar hafa komið að með einhverjum hætti. Verður því að leggja til grundvallar að umsamið verð fyrir verkið hafi verið 1.000.000 króna, að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 32. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Stefndi hefur haldið því fram að verkið sé haldið ákveðnum göllum, m.a. þeim galla að hitalagnir sem voru undir dúk á svölum hafi verið fjarlægðar og ekki settar nýjar í stað þeirra. Ágreiningur er með aðilum um hvort samist hafi svo um að stefnandi setti nýja hitalögn í stað þeirrar sem fjarlægð var, en óumdeilt er að stefnandi fjarlægði hitalögnina sem fyrir var. Standa orð stefnanda móti orðum stefnda um þennan þátt verksins. Hins vegar liggur fyrir í málinu að stefndi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanns til að staðreyna meinta galla á verkinu og liggur matsgerð frammi í málinu.

Stefnandi heldur því fram að matsbeiðni sé byggð á röngum forsendum, sem hljóti að leiða til þess að matsgerð sé haldin þeim annmörkum að á henni verði ekki byggt. Við dómkvaðningu matsmanns bárust engar athugasemdir frá stefnanda og engar athugasemdir voru gerðar við spurningar þær sem greinir í matsbeiðni, en hún var lögð fram með greinargerð stefnda. Ekki var neytt þeirra úrræða af hálfu stefnanda sem honum eru tæk varðandi framkvæmd matsgerðar samkvæmt 1. mgr. 66. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt mati hins dómkvadda matsmanns, Auðuns Elíssonar, byggingafræðings og húsasmíðameistara, var ekki gengið frá þakfleti með fullnægjandi og faglegum hætti. Í matsgerðinni segir einnig að varhugavert sé að hafa ekki snjóbræðslulögn á

Þakfletinum, en ekki var sett ný hitalögn í stað þeirrar sem fjarlægð var. Þar segir einnig að eins og uppbygging þaksins sé nú, sé ekki ráðlegt annað en að hafa snjóbræðslukerfi á þaksvölum, þar sem mjög mikil hætta sé á því að vatn komist inn fyrir dúk við léttu útveggi á vetrartíma. Einnig sé það andstætt fyrirbyggjandi samþykktum teikningum að hitalögn á þaki sé ekki til staðar. Mat dómkvaddur matsmaður kostnað við að taka upp hellur, setja og tengja snjóbræðslulögn á þaksvölum, undirbúning fyrir hellulögn og hellulögn, alls 537.500 krónur.

Mati hins dómkvadda matsmanns hefur ekki verið hnekkt og eins og að framan greinir leitaði stefnandi ekki þeirra úrræða sem honum voru tæk vegna framkvæmdar matsgerðar, samkvæmt 1. mgr. 66. gr. laga nr. 91/1991. Verður því matsgerð lögð til grundvallar niðurstöðu málsins enda er ekkert komið fram í málinu sem rýrt geti sönnunargildi hennar. Það er því niðurstaða dómsins að verkið hafi verið haldið þeim galla sem í matsgerð er greint frá.

Eins og að framan greinir hefur dómurinn lagt til grundvallar að umsamið verð fyrir verkið hafi verið 1.000.000 króna. Inn á verkið hafa greiðst 300.000 krónur, og kostnaður við að bæta úr galla á verkinu nemur 537.500 krónum. Eftir standa því 162.500 krónur, sem stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda.

Af skjölum málsins verður ekki skýrlega ráðið hvenær gjalddagi skuldarinnar er. Þannig liggur fyrir í málinu afrit reiknings stefnanda, útgefið 1. júlí 2009 og frumrit reiknings, sem er útgefinn í júlí 2009. Þá liggur frammi innborgunarkvittun, dagsett 27. júlí 2009, þar sem fram kemur verð fyrir vinnu og efni 1.000.000 krónur. Þá kemur fram í innheimtuviðvörðun sem stefnda var send og er dagsett 27. ágúst 2009 að heimildarskjal sé víxill, en ekki reikningur. Samkvæmt framangreindu er ekki ljóst við hvaða dag ber að miða upphafsdag dráttarvaxta. Verður því miðað við að skuldin beri dráttarvexti samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi er málið var höfðað, 12. október 2009.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 162.500 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. október 2009 til greiðsludags.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skúli Magnússon, greiði stefnanda HFG ehf. 162.500 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. október 2009 til greiðsludags.

Málkostnaður fellur niður.

Ingveldur Einarsdóttir

